

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 1. júlí 1982

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/765/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhólsmæla og alkóhól-flotmæla

(82/624/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Grikklands, einkum 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Frá gildistöku tilskipunar 76/765/EBE ⁽²⁾ hefur ný tækni verið þróuð á sviði hitamæla sem eru notaðir til að ákvarða alkóhólstyrkleika. Þess vegna þarf að breyta þeirri tilskipun í samræmi við það.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með mælitæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 9. liðar viðaukans við tilskipun 76/765/EBE komi viðauki þessarar tilskipunar.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög þau og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari þann 1. maí 1983. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. júlí 1982.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karl-Heinz NARJES

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 143.

VIÐAUKI

9. HITAMÆLAR SEM ERU NOTADIR TIL AÐ MÆLA ALKÓHÓLSTYRKLEIKA
- 9.1. **Hitamælar sem eru innbyggðir í tæki til að mæla alkóhólstyrkleika**
- Ef tæki sem notað er til að mæla alkóhólstyrkleika er í II. eða III. flokki getur kvikasilfurshitamælir úr gleri verið innbyggður í það.
- 9.1.1. Hitamælirinn skal hafa kvörðunina 0,1, 0,2 eða 0,5° C og ekki þarf að vera kvarðamerki við 0° C.
- 9.1.2. Kvarðaskiptingin skal vera að lágmarki:
- 0,8 mm þegar um er að ræða hitamæla með kvörðunina 0,1 og 0,2° C;
 - 1,0 mm þegar um er að ræða hitamæla með kvörðunina 0,5° C.
- 9.1.3. Línurnar skulu ekki vera breiðari en sem nemur einum fimmta af kvarðaskiptingunni.
- 9.1.4. Heimiluð hámarksfrávik, jákvæð eða neikvæð, skulu vera:
0,10° C ef hitamælirinn hefur kvörðunina 0,1° C,
0,20° C ef hitamælirinn hefur kvörðunina 0,2 eða 0,5° C.
- 9.1.5. Við EBE-frumsannprófun skulu frávik innbyggðra hitamælisins að lágmarki miðast við þrjú gildi á kvarða-sviðinu.
- 9.2. **Hitamælar sem eru ekki innbyggðir í tæki til að mæla alkóhólstyrkleika**
- 9.2.1. Ef tæki til að mæla alkóhólstyrkleika er í I. flokki skal hitamælirinn sem er notaður ásamt því vera:
- annaðhvort málmstötstöðumælir sem mælir hitastig vatns- og alkóhólblöndu með frávikum sem eru ekki meiri en $\pm 0,10^\circ$ C,
 - eða kvikasilfursmælir úr gleri með kvörðunina 0,1 eða 0,5° C.
- Kvikasilfurshitamælar skulu hafa kvarðamerki við 0° C, lágmarkskvarðaskipting skal vera 0,8 mm og breidd línanna skal ekki vera meiri en einn fimmti af kvarðaskiptingunni.
- Heimiluð hámarksfrávik, jákvæð eða neikvæð, skulu vera eitt deilingargildi.
- 9.2.2. Ef tækið sem er notað til að ákvarða alkóhólstyrkleika fellur undir II. eða III. flokk skal hitamælirinn sem með því er notaður vera kvikasilfursmælir úr gleri.
- 9.2.2.1. Hitamælirinn skal hafa kvörðunina 0,1 eða 0,2 eða 0,5° C. Hann skal hafa kvarðamerki við 0° C.
- 9.2.2.2. Kvarðaskiptingin skal vera að lágmarki:
0,8 mm þegar um er að ræða hitamæla með kvörðunina 0,1 eða 0,2° C;
1,0 mm þegar um er að ræða hitamæla með kvörðunina 0,5° C.
- 9.2.2.3. Línurnar skulu ekki vera breiðari en sem nemur einum fimmta af kvarðaskiptingunni.
- 9.2.2.4. Heimiluð hámarksfrávik skulu vera:
- $\pm 0,10^\circ$ C ef hitamælirinn hefur kvörðunina 0,1° C;
 - $\pm 0,20^\circ$ C ef hitamælirinn hefur kvörðunina 0,2 eða 0,5° C.